

Alþingi
Erindi nr. P 135/90
komudagur 30.10.2007

Viðskiptaráðuneytið
Ólög Embla Einarsdóttir, lögfr.
Arnahvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2006.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um drög að frumvarpi til laga um fyrningu kröfuréttinda.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreind drög að frumvarpi til athugunar og lætur í té svofellda umsögn.

Drögin fela í sér heildarendurskoðun á lögum um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Helstu ástæður fyrir endurskoðun laganna samkvæmt athugasemdum með frumvarpsdrögunum þær að orðalag laganna sé á köflum torskilið og ýmsar reglur þeirra séu miðaðar við aðstæður sem séu ekki fyrir hendi í viðskiptum nú á tímum. Þá séu lög nr. 14/1905 þögul um ýmis mikilvæg atriði sem reynt getur á í framkvæmd. Þá er talið óheppilegt að meginregla laganna um 10 ára fyrningu sæti svo algengum og viðtækum undantekningum um 4 ára fyrningu.

Gildandi fyrningarlög voru samin eftir fyrirmynd sem ætlað var að gilda fyrir Danmörk, Ísland og Noreg. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpsdrögin er þess getið að við samningu þess hafi þótt heppilegast að hafa hliðsjón af gildandi fyrningarlögum í Noregi frá árinu 1979 með síðari breytingum á sögulegum forsendum. Ein veigamesta breytingin frá gildandi fyrningarlögum er að meginreglu laganna um 10 ára fyrningu er breytt í 4 ára fyrningu. Þótt um er að ræða að stærstu leyti lögfesting á gildandi rétti þá er um ýmis nýmæli að ræða eins og t.d. nýmæli um fjögurra ára fyrningu flestra skaðabótakrafna og slit á fyrningu með því að leggja mál fyrir stjórnvald. Þá eru settar almennar reglur um upphaf fyrningarfrests og afnumdar sérreglur um það efni.

Laganefnd LMFÍ getur í sjálfu sér verið sammála því að þörf kunni að vera á því að skýra gildandi rétt varðandi fyrningu kröfuréttinda og færa til lagabókar gildandi rétt sem að einhverju leyti hefur skapast í réttarframkvæmd síðan lögin tóku gildi árið 1905. Laganefnd leggur hins vegar áherslu á að slík lagasetning getur verið vandmeðfarin ef ekki á að skapast óvissa um túlkun á lagatextanum, jafnvel þótt hann eigi einungis að leiða til lögfestingar á gildandi rétti. Í þessu sambandi vísar laganefnd sérstaklega til ákvæða IV. kafla frumvarpsdraganna um slit á fyrningu. Kveðið er á um það í 15. gr. frumvarpsdraganna að kröfuhafi geti slitið fyrningu kröfu sinnar með málssókn fyrir dómi. Í 2. mgr. 15. gr. er kveðið á um það að ef krafa er sótt fyrir dómstól er fyrningu slitið þegar mál telst höfðað eða þegar greinargerð er lögð fram með gagnkröfu til skuldajafnaðar. Hvergi er skilgreint hvenær málssókn fyrir dómi telst byrjuð eða mál telst höfðað eins og gert er í ákvæði 11. gr. laga nr. 14/1905. Þrátt fyrir skilgreiningu gildandi laga hefur reynt mikið á túlkun ákvæðisins fyrir dómstólum. Telur laganefnd að rétt hefði verið að ganga lengra og taka af allan vafa um tímamark málshöfðunar annað hvort með lagaákvæði eða umfjöllun í athugasemdum og laga texta laganna að dómafordæmum eins og frekast er unnt. Vísar laganefnd til þess að hvorki af lagatextanum né athugasemdum með frumvarpsdrögunum verði ráðið hvort stefnubirting ein

og sér teljist til málshöfðunar án þingfestingar málsins fyrir dómi og hefur það að sama skapi áhrif á túlkun 22. gr. frumvarpsdraganna hvort réttur skapist til nýs sex mánaða frests eftir vísun máls frá dómi eða það falli niður. Þar sem yfirlýst markmið heildarendurskoðunar laganna er að skýra gildandi rétt og færa hann til bókar þá telur Laganefnd að slíkt markmið náist ekki með því að ganga skemur en gildandi lög gera með skýringu hugtaka laganna.

Í ákvæði 9. gr. frumvarpsdraganna er mælt fyrir um fjögurra ára fyrningu á kröfum um skaðabætur. Samkvæmt greininni fynast skaðabótakröfur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar eða þar að aflu sér þær um tjónið og þann sem er ábyrgur fyrir því. Kröfur um skaðabætur fynast samkvæmt gildandi rétti á 10 árum frá tjónsdegi en sérregla gildir um kröfur um skaðabætur vegna umferðarslyss sbr. ákvæði 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kveðið er á um að bótakröfur fynist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Um er að ræða sérreglu þar sem hlutlæg ábyrgðarregla gildir. Samkvæmt frumvarpinu eru engin rök færð fyrir því af hverju breyta á grundvallarreglu um tíu ára fyrningu á kröfum um skaðabætur sem sæta almennum reglum skaðabótaréttar. Um er að ræða töluverða styttingu, og í raun umfram ákvæði 99. gr. laga nr. 50/1987, sem laganefnd telur að sérstaklega þurfi að rökstyðja enda leiðir hún til réttindamississ í þeim tilfellum þegar tjónið tekur langan tíma að koma endanlega í ljós en svo kallaður stöðugleikapunktur er metinn skömmu eftir tjónsatburðinn. Slík tilfelli eru ekki endilega sjaldgæf.

Að öðru leyti telur Laganefnd LMFÍ ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við drög að ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.
formaður

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti			
Málsnr.	IVR03010174	Ábm.	AG
Bréfal.	SS.010	Áðrir	'0EE
Mótt.	13.10.2006	Fskj.	talsmaður neytenda
Aths.		frúnm.	



Viðskiptaráðuneytið
Ólöf Embla Einarsdóttir

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 11.10.2006
Tilv. 2005/0033 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um drög 29. ágúst 2006 að frumvarpi til laga um fyrningu kröfurréttinda

Inngangur

Visað er til fréttatilkynningar yðar nr. 13/2006, dags. 6. september sl., um ofangreint efni en þar var boðið upp á að gera athugasemdir við drögin innan tiltekins frests sem fékkst framlengdur með símtali 3. október sl.

Óskað er eftir því að getið verði um það í endanlegri gerð frumvarpsins að embætti talsmanns neytenda hafi gefið umsögn um frumvarpsdrögin (frv.dr.)

Samráð og gildistaka

Tel ég ástæðu til þess að fagna þeirri opnu stjórnsýslu sem felst í samráði um frv.dr. sem þessi og vænti þess að um sé að ræða almenna framkvæmd af hálfu ráðuneytisins, sbr. m.a. ósk undirritaðs í bréfi, dags. 28. nóvember 2005, þar sem m.a. var vakin athygli á því við viðskiptaráðuneytið eins og önnur ráðuneyti að æskilegt væri „að frumvörp á vinnslustigi sem varðað geta hagsmuni og réttindi neytenda eða tengst geta neytendavernd“ berist talsmanni neytenda til umsagnar.

Tel ég sérstaka þörf á viðtæku samráði í þessu tilviki þar sem fyrning kröfurréttinda snertir hagsmuni fjölmargra eins og ráðuneytið bendir á í tilvitnaðri fréttatilkynningu og um er að ræða breytingu á 100 ára gömlum lagareglum. Með vísan til þess – og með hliðsjón af því að frv.dr. eru samin af einum lögmanni utan Stjórnarráðsins – tel ég ástæðu til þess að lengja umsagnarfrést til frekari kynningar á vinnslustigi og e.t.v. seinka fyrirhugaðri gildistöku þannig að fyrirvari róttækra breytinga verði heldur lengri, sbr. nánari umfjöllun um einstök atriði hér að neðan.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

neytenda – sem orðnar eru mjög algengar í nútíma neytendaviðskiptum. Á hinn bóginn er alkunna að algengt er að slíkum kröfum sé settur sérstakur – og í mörgum tilvikum mjög skammur – gildistími, sem í raun má jafna til samnings um skemmri fyrningarfrest. Er þar farið í bága við verklagsreglur sem viðskiptaráðuneytið setti og kynnti vel í samráði við hagsmunasamtök fyrir nokkrum árum. Samkvæmt 3. málslíð 5. gr. verklagsreglnanna skal gildistími inneignarnóta vera

„fjögur ár nema annað sé tekið fram á inneignarnótunni, þó aldrei skemmri en eitt ár.“

Sömuleiðis skal gjafabréf skv. 6. gr. reglnanna vera dagsett og halda gildistíma sínum í fjögur ár frá útgáfudegi. Eru reglur þessar í samræmi við algengasta – og stysta – fyrningartíma gildandi laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, svo og aðalreglu þá sem lögð er til í frv.dr. Framkvæmd í viðskiptum er hins vegar í nokkru ósamræmi við verklagsreglurnar auk þess sem erfitt er að fylgja eftir reglum sem þessum. Fjölmörg dæmi eru um 3ja til 6 mánaða gildistíma og líklega fá dæmi um 4ra ára gildistíma gjafabréfa og inneignarnóta. Sama má segja um þá skyldu, sem vikið er að í athugasemdum með 5. og 6. gr. reglnanna að færa skuli slíkar kröfur í bókhald verslana. Hefur embætti talsmanns neytenda fengið fjölmargar ábendingar í þessa veru og hugðist af því tilefni beita sér í tilefni af 100 ára afmæli nefndra laga sl. vetur eins og ráðuneytinu er kunnugt. Er upplýst var um fyrirhugaða endurskoðun laganna var ákveðið að biðja þess tilefnis til þess að stuðla að aukinni neytendavernd hvað þetta varðar eins og er meðal hlutverka talsmanns neytenda.

Vandinn felst í því að þó að áfram verði óheimilt að semja um að krafa fyrnist ekki, sbr. 2. mgr. 1. gr., þá segir í athugasemdum á bls. 11 með 1. gr. frv.dr.:

„Aftur á móti er ekki lagt til að hömlur verði settar við því að samið verði um styttri eða lengri fyrningarfrest.“

Tel ég að ekki sé nægilegt að vísa til þess að til álita geti komið að vfkja samningi til hliðar að þessu leyti samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga með síðari breytingum, eins og gert er á sama stað í athugasemdum með frv.dr. Umræddar kröfur eru svo litlar og margar – en jafnframt algengar – að ekki er raunhæft að slíkt úrræði verði nýtt í ríkum mæli af hálfu neytenda. Auk þess eru gjafabréf þess eðlis að neytendur njóta þar réttinda samkvæmt löggerningi þriðja manns og eiga því enn óhægara um vik. Þar á neðangreind tillaga enn fremur sérstakan rétt á sér þar sem meginefni – og upphaflegt efni – samnings um gjafabréf er inneign auk þess samningsstaðan felur í sér að neytandinn sem þiggur gjafabréfið hefur ekki endilega stefnt að því að kaupa vöru eða þjónustu hjá söluaðila og nokkur bið á efndum er eðli málsins samkvæmt. Telja verður að ef ekki verður aðhafst

tjónið“ eða það tímamark er tjónþola „bar að afla sér þær“. Slíkan upphafstíma tel ég til þess fallinn að auka réttaróvissu og tel ég hættu á að úr verði fjöldi dómsmála um það atriði. Þá tel ég óheppilegt að rötgróinni meginreglu um 10 ára fyrningu skaðabótakrafna verði breytt – einkum í ljósi þeirrar löngu hefðar sem fyrir henni er, góðrar reynslu af því að svo langur tími sé til stefnu og þess skamma samráðstíma sem gefinn er. Tel ég m.ö.o. að óheppilegt sé bæði að stytta tímann og miða hann við annað en hlutlægari atriði eins og nú er. Mörg dæmi eru þess að full þörf hafi reynst á 10 ára fyrningarfresti skaðabótakrafna og á það ekki sist við eftir kerfisbreytingu í skaðabótarétti og framkvæmd váttryggingarfélaga á 10. áratug síðustu aldar. Er þetta grundvallaratriði meðal fárra atriða sem ekki er rökstutt sérstaklega í athugasemdum í greinargerð með frv.dr. – hvorki í almennum athugasemdum né í athugasemdum með 9. gr.

Tillögur frv.dr. og ofangreindar athugasemdir tel ég þó rétt að skoða – í samráði við Fjármálaeftirlitið – í ljósi svonefndrar tjónaskuldar eða bótasjóða váttryggingafélaganna og væntanlegrar þróunar þeirra sjóða í kjölfar slíkra breytinga.

Þá tel ég æskilegt að skýrt verði frekar í sjálfum frumvarpstextanum hvaða kröfur teljast skaðabótakröfur utan samninga enda hefur það atriði gefið tilefni til réttaróvissu – t.a.m. hvað varðar bótaábyrgð sjálfstætt starfandi sérfræðinga á verkum sínum sem ég vék nýlega að í umsögn til umhverfisráðuneytis um drög að frumvarpi til laga um mannvirki en þar var gerð sjálfstæð tillaga um fyrningarfrest hvað það varðar.

Gerðardómar

Athugandi er hvort ekki gildi sama um gerðardóma samkvæmt lögum og gerðardóma samkvæmt samningi, sbr. síðari málslið 1. mgr. 15. gr. frv.dr., en dæmi um gerðardóm sem, telja má lögbundinn, má finna í 33. gr. og öðrum ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Slit fyrningar með sáttameðferð o.fl.

Ég legg til að ný málsgrein bætist við 16. gr. sem staðfesti að sambærileg leið og í 16. gr. greinir sé einnig fær til slita á fyrningu, þ.e. sáttameðferð fyrir sýslumanni án undanfarandi málshöfðunar með samþykki beggja aðila, sbr. svohljóðandi ákvæði 2. másl. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála:

„Aðilum er og rétt að koma sér saman um að vísa máli sínu til sáttaumleitana sýslumanns [...] áður en mál er höfðað.“



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið
bt. Ólafar Emblu Einarsdóttur
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti			
Málsnr.	IVR03010174	Ábmr.	KG
Bréfal.	SS.010	Aðrir	0E
Mótt.	05.10.2006	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	

Afrit: Fjármálaráðuneytið vt. Sóley Ragnarsdóttir, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Reykjavík, 4. október 2006

Um frumvarp til fyrningarlaga

Tollstjórinn í Reykjavík hefur haft fyrirhugað frumvarp til fyrningarlaga til skoðunar. Við innheimtu skattkrafna er fyrning krafna rofin með ýmsum hætti. Algengast er að innheimtumaður rjúfi fyrningu með aðfarargerð og kröfulýsingu í þrotabú. Auk þess sem greiðsluáætlanir sem gjaldendur leggja fram hafa að geyma skýr ákvæði um skuldarviðurkenningu og fyrningarrof.

Þar sem fyrning skattkrafna skiptir innheimtumann ríkissjóðs miklu máli þá vill hann koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

Réttaráhrif aðfarar

Í fyrirhuguðu frumvarpi er almennur fyrningartími 4 ár sbr. 3. gr. frumvarpsdraganna. Rof fyrningar með aðfarargerð skv. 3. mgr. 21. gr. býður hins vegar að fyrningartími verður 10 ár ef aðför hefur verið gerð fyrir kröfu. Það má velja því fyrir sér hvort eðlilegra væri að réttarvernd kröfu eftir rof fyrningar hennar fylgi þeirri meginreglu sem byggt er á í 3. gr. frumvarpsdraganna. Ennfremur er bent á að lengri fyrningarfrestur dóma byggir m.a. á þeirri vönduðu málsmeðferð sem felst í dómsmeðferð og réttaráhrifum dómsorðs. Skoðun sýslumanns á réttmæti krafna við aðfarargerðir getur ekki talist sambærileg við dómsmeðferð.

Lenging fyrningarfrests í 10 ára eftir að aðfarargerð er gerð er ekki rökstudd í athugasemdum við frumvarpið. Tollstjóri fer fram á að slík grundvallarbreyting á fyrningartíma krafna, sem aðför hefur verið gerð fyrir, verði rökstudd á fullnægjandi hátt. Það er ljóst að það mun skapa óhagræði við vanskilainnheimtu og afskriftavinnslu ef kröfur hafa mismunandi fyrningartíma eftir því hvort aðfarargerð er beitt eða hvort innheimtumaður móttekur greiðsluáætlun gjaldanda (4 ára fyrningartími sbr. 14. gr.).

Rof fyrningar í öðru ríki

Í sambandi við 23. gr. frumvarpsdraganna vekur tollstjórinn í Reykjavík athygli ráðuneytisins á 2. og 3. tl. 14. gr. samnings milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum sbr. lög nr. 46/1990. Ákvæðin hljóma svo:

2. *Úr álitaeftum, sem snerta tímamörk eftir að ekki er lengur unnt að veita skattkröfu fullnustu, skal leyst samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem beiðni bar fram.*
3. *Innheimtuadgerðir, sem aðildarríkið sem beiðni er framkvæmir að beiðni annars aðildarríkis og sem samkvæmt löggjöf hins fyrrnefnda myndu fresta eða rjúfa tímamörk þau sem nefnd eru í 2. tl., skulu einnig hafa sömu áhrif samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis er bar beiðnina fram. Aðildarríkið sem beiðni er beint til skal tilkynna aðildarríkinu, sem bar beiðnina fram, um aðgerðirnar.*

Ákvæðin fela í sér að aðfarargerð í landi sem aðstoðar Ísland við innheimtu skattkröfu rýfur fyrningu ef aðfarargerðin myndi rjúfa fyrningu á Íslandi að því gefnu að hún rjúfi líka fyrningu samkvæmt lögum þess lands sem kröfuna innheimtir. Tollstjórinn lítur svo á að ákvæði samningsins myndi vera sérlagaákvæði (*lex specialis*) gagnvart almennu ákvæði fyrningarlaga og vera því rétt hærra en ákvæði frumvarpsdraganna.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
b.t. Ólafar Emblu Einarasdóttur
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti			
Málsnr.	IVR03010174	Ábm.	K6
Bréfal.	55.010	Aðrir	OEE
Mótt.	24.10.2006	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	

ÞUDMÚLA 13
08 REYKJAVÍK
FIMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
28 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. október 2006

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um drög að frumvarpi til laga um fyrningu kröfuréttinda

Neytendasamtökin þakka fyrir tækifærið til að koma að athugasemdum við frumvarpsdrögin. Það ber að fagna nýju frumvarpi til laga um fyrningu kröfuréttinda sem verður til þess að færa reglurnar nær nútímanum og gera þær gagnsærri og skiljanlegri almenningi. Hér á eftir fylgja athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsdraganna.

Um 2. mgr. 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. kemur fram að samningur um að krafa fyrnist ekki sé ógildur. Í athugasemdum með greininni er tekið fram að aftur á móti sé ekki lagt til að hömlur verði settar við því að samið verði um styttri eða lengri fyrningarfrest.

Gjafabréf og inneignarnótur eru talsvert algeng í nútímaviðskiptum og fymast slíkar kröfur á fjórum árum sé ekki annað tekið fram. Það er hins vegar mjög algengt að gildistími sé stytur verulega með áletrun á gjafabréfið eða inneignarnótuna og má segja að slíkt jafngildi samningi um styttri fyrningarfrest. Um mjög skamman gildistíma getur verið að ræða, allt niður í 3 mánuði. Neytendasamtökunum berast árlega mikill fjöldi fyrirspurna um inneignarnótur og gjafabréf. Það er til marks um það hversu mjög þessi mál brenna á neytendum að síðustu ár hefur þessi málaflokkur verið ofarlega á blaði þegar fjöldi fyrirspurna er mældur. Á árinu 2005 bárust samtökunum 369 fyrirspurnir varðandi gjafabréf og inneignarnótur og lenti málaflokkurinn í öðru sæti að því er varðaði fjölda fyrirspurna. Mikillar óánægju gæti vegna stutts gildistíma og má sem dæmi nefna fjölda tilvika þar sem fólk hefur fengið mörg gjafabréf í afmælisgjöf t.d. á snyrtistofur sem öll gilda í 3 mánuði. Það gefur auga leið að erfitt er að nýta slíkt innan tilskilins frests. Þar sem verklagsreglur viðskiptaráðuneytisins eru leiðbeinandi er ekki hægt að skylda verslanir og þjónustuaðila til að fara eftir þeim.

Með tilliti til stærðar vandamálsins og slakrar samningsstöðu neytandans er ástæða til að taka heilshugar undir þær ábendingar og tillögur til úrbóta sem fram koma í umsögn Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda. Hvetja Neytendasamtökin til þess að þetta tækifæri verði nýtt til þess að leiðrétta stöðu neytenda að þessu leyti.

tímamarki en því þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt enda getur ekki verið að tjónþoli teljist eiga möguleika á að afla sér upplýsinga um tjónið fyrr en í fyrsta lagi við það mark. Því miður eru litlar skýringar að finna í athugasemdum frumvarpsdraganna. Þessi upphafstími er eitthvað sem líklegt er að reyni mikið á og því gríðarlega mikilvægt að sem mestri óvissu sé eytt með góðum skýringum. Leggja Neytendasamtökin til að aukið verði við skýringar frumvarpsins að því er þetta atriði varðar enda um að ræða stóra breytingu á aldargamalli reglu.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. 2. mgr. 16. gr. kemur fram að fyrningu sé slitið þegar kröfuhafi leggur kröfur sínar fyrir kær- eða umkvörtunarnefndir, sem eru settar á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra. Neytendasamtökin telja ljóst að þær úrskurðarnefndir sem samtökin hafa stofnað til með ýmsum aðilum atvinnulífsins falla undir þessa grein og því rjúfi kvörtun til nefndanna fyrningarfrest. Hins vegar er ekki eins ljóst hvort kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa falli undir 2. mgr. 16. gr. þar sem stofnað er til nefndarinnar með lögum og ekki liggur alltaf fyrir samþykki skuldara. Þá fellur nefndin ekki undir 1. mgr. þar sem ekki er um að ræða stjórnvald með ákvörðunarvald heldur álitsgefandi nefnd. Engin rök eru til að annað eigi við um þessa nefnd en aðrar úrskurðarnefndir og nauðsynlegt að allur vafi sé tekinn af þar um. Einnig er nauðsynlegt að sáttameðferð sýslumanna skv. 2. ml. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála falli undir 16. gr.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna,


Iris Ösp Ingjalósdóttir
Iris Ösp Ingjalósdóttir, hdl.



VÍDSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

**Frumvarp til laga um
fyrningu kröfuréttinda**


Áslaug Árnadóttir
30. október 2007



VÍDSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

- Heildarendurskoðun á lagaákvæðum um fyrningu kröfuréttinda
- Frumvarpið miðar að því að færa fyrningarreglur til nútímans
- Samning frumvarpsins
 - Óskar Sigurðsson hrt. og Benedikt Bogason dómstjóri
- Frumvarp kynnt haustið 2006
 - Fjórar umsagnir bárust
- Úrvinnsla umsagna og lokafrágangur frumvarpsins

2



VÍDSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

- I. KAFLI Almenn atriði
- II. KAFLI Fyrningarfrestir
 - 2. gr. Upphaf fyrningarfrests
 - 3. gr. Almennur fyrningarfrestur
 - 4.–9. gr. Reglur um sérstakan fyrningarfrest ákveðinna krafna, s.s. vegna innlána, fasteignakaupa, skuldabréfa, peningalána, líffeyris, ábyrgðerskuldbindinga, endurkrafna og skaðbótakrafna
- III. KAFLI Viðbótarfrestir vegna vanþekkingar o.fl.
- IV. KAFLI Slit fyrningar
- V. KAFLI Réttaráhrif þess að fyrningu er slitið
- VI. KAFLI Réttaráhrif fyrningar
- VII. KAFLI Gildistaka laganna og lagaskil

3



• Hugtakið fyrming

- Réttindi falla niður eða missa réttarvernd sína að meira eða minna leyti fyrir það að þeirra er ekki neytt um tiltekinn tíma og ekki gerðar aðrar ráðstafanir um þau sem að lögum gætu varnað því að þau fymist (Ólafur Lárusson, Fyrirlestur um fyrmingu, bls. 1)



• Meginreglan - 24. gr. frumvarpsins

- Kröfuhafi glatar rétti sínum til að krefjast efnda - krafan fellur niður
- Fyrming nær einnig til vaxta, verðbóta, arðs og sambærilegra viðbótargreiðslna
- Á bæði við um áfallnar viðbótargreiðslur og greiðslur, sem myndu falla á til framtíðar lítið ef aðalskyldan væri ófyrmd



- Samskulðarar - 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins
- Ábyrgðarskuldbindingar - 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins
- Skuldajöfnuður - 26. gr. frumvarpsins
- Veðréttindi, haldsréttur og önnur takmörkuð (óbein) eignaréttindi - 27. gr. frumvarpsins



- 10 ára fyming
- Í 5. og 6. gr. frumvarpsins -tæmandi taining á kröfum sem tíu ára fymingarfræstur gildir um:
 - Skuldabréf. Vextir fymast eftir almennu reglunni
 - Krafa sem hefur verið skráð rafrænni skráningu í verðbréfamistöð
 - Kröfur vegna peningátána, sem veitt eru í atvinnuskyni og lána milli einstaklinga. Á ekki við um lán vegna alþingunarkaupa. Þá fymast vextir eftir almennu reglunni
 - Réttur til að krefja um eftirteun, o.fl.
 - 21. og 23. gr. Séu kröfur viðurkenndar með þeim hætti sem í ákvæðunum greinir þá fymast þær á tíu árum



- Sjálfstæð fymingu ábyrgðarkröfu - 7. gr. frumvarpsins
 - Fymingarfræstur ábyrgðarskuldbindingar sá sami og aðalkröfunnar. Ef aðalkrafan fymist t.d. á tíu árum gildir það sama um ábyrgðarskuldbindinguna vegna hennar
 - Upphaf fymingarfræsts er ákveðið eftir sömu reglum og gilda um aðalkröfuna. Fymingarfræstur ábyrgðarkrafna hefst því þegar aðalskuldin er vanefnd, þ.e. frá gjalddaga aðalkröfunnar, sbr. og 2. ml.
- Einnig að hafa í huga að ábyrgðarskuldbinding fymist samtímis aðalkröfu ef kröfuhafi hefur ekki látið reyna á ábyrgðina áður, sbr. 2. mgr. 25. gr.



- 9. gr. frumvarpsins
- Meginreglan - flestar skaðabótakröfur fymast á fjórum árum, en ekki tíu eins og er samkvæmt gildandi fymingarögum
- Upphafstími fymingarfræsts er mismunandi eftir því hvort um skaðabótakröfu innan eða utan samninga er að ræða
- Krafa um skaðabætur innan samninga fymist eftir almennum reglum sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins, þ.e. á fjórum árum frá gjalddaga
- Upphaf fymingarfræsts skaðabótakrafna utan samninga sem og krafna um bætur fyrir líkamstjón bæsli innan og utan samninga miðast við þann dag er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgur er fyrir því eða bar að alla sér slíkra upplýsinga. Því er gert ráð fyrir að fymingarfræstur hefjist á síðara tímamarki en samkvæmt gildandi fymingarögum



- Ákvæði V. kafla frumvarpsins
- Viðurkenning skuldara
 - Nýr frestur hefst frá þeim degi er krafan var viðurkennd eða frá síðara tímamarki ef kröfuhafi átti þá fyrst rétt á að fá kröfuna efnda
 - Nýr frestur er sami fyrmingarfrestur og áður gildi



- Málssókn, kæra og fullnustugerðir – 21. gr. frumvarpsins
- Máli vísað frá eða það fellt niður – 22. gr. frumvarpsins
- Málssókn í erlendu ríki – 23. gr. frumvarpsins



- 28. gr.
 - Í greininni er að finna lagaskilareglu þess efnis að lögnum verði eingöngu beitt um kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna
 - Um kröfur sem stofnast fyrir það tímamark fer því eftir gildandi lögum
